

Nefnd um þróun Evrópumála

Forsætisráðuneytið 150 Reykjavík

postur@for.stjr.is

Reykjavík, 3. febrúar 2009

Mat á hagsmunum við aðild Íslands að Evrópusambandinu

Nefnd um þróun Evrópumála sem hefur starfað undanfarna mánuði er m.a. ætlað að kanna hvernig hagsmunum Íslendinga gagnvart Evrópusambandinu verði best borgið í framtíðinni.

Hluti af þeirri vinnu er mat á hagsmunum við aðild Íslands að Evrópusambandinu og hefur nefndin ákveðið að hafa sem víðtækast samráð við helstu hagsmunaaðila. Verkefnið er ekki aðeins að kanna hvort Ísland eigi að sækja um aðild að ESB heldur aðallega að fá upplýsingar um þá sértæku hagsmuni hvers umsagnaraðila sem aðild gæti varðað.

Í ljósi þessa óskar nefndin eftir að leggja eftirfarandi spurningar fyrir samtök, stofnanir og fyrirtæki :

Hvaða áhrif teljið þið að ESB aðild myndi hafa á viðeigandi hagmuni eða verksvið ?

Hvaða hluti laga og reglna ESB hefðu jákvæð áhrif ?

Hvaða hluti laga og reglna ESB hefðu neikvæð áhrif ?

Hefur verið tekin afstöðu til aðildar Íslands að Evrópusambandinu ?

Ef svo er, hver er hún?

Svör óskast fyrir 20. febrúar 2009 á netfangið evropunefnd@for.stjr.is. Ef spurningar vakna er bent á Ævar Rafn Björnsson, starfsmann nefndarinnar, í síma 545-9953 eða með pósti á ofangreint netfang.

ritari nefndar um þróun Evrópumála,

Sturla Sigurjónsson

